



Sérstök samstarfsnefnd Dana og Íslendinga hefur umsjón með framkvæmd samningsins.

Í nefndinni sitja:

**Lasse Reimann**, sendiherra Dana á Íslandi, formaður  
**Drífa Hjartardóttir**, fyrrverandi alþingismaður  
**Steen Harbild**, frá danska menntamálaráðuneytinu  
**Sesselja Snævarr**, frá menntamálaráðuneyti  
**Michael Dal**, frá danska sendiráðinu í Reykjavík.

Dansk-íslenski samstarfssamningurinn er aðgengilegur á vef menntamálaráðuneytis [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is). Á vefnum eru einnig upplýsingar um þau verkefni sem styrkt hafa verið með framlagi íslenska menntamálaráðuneytisins frá árinu 2000. Í nokkrum tilvikum er þar um að ræða krækjur í námsefni.

Frekari upplýsingar um farkennara, danskan sendikennara o.fl. er að finna á vefsíðu danska menntamálaráðuneytisins: <http://us.uvm.dk/grundskole/adresser/internationalt/danskundervisningpaaisland>

Nálgast má námsefni sem danskir farkennarar hafa unnið á slóðinni: <http://danska.khi.is>.



## MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Menntamálaráðuneyti: Rit 35 · September 2007  
Útgefandi: Menntamálaráðuneyti  
Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík  
Sími: 545 9500 · Bréfasími: 562 3068  
[postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is) · [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)  
2. útgáfa · ISBN 978-9979-777-54-0



## Stuðningur við dönskukennslu á Íslandi



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ





Á árinu 1996 var komið á samstarfi milli menntamálaráðuneyta Íslands og Danmerkur um sérstakan stuðning við dönskukennslu á Íslandi. Árið 2000 var þetta samstarfsverkefni staðfest með samningi sem endurnýjaður var árið 2003. Í apríl 2007 undirrituðu menntamálaráðherrar landanna nýjan samning sem gildir frá 1. ágúst 2007 til loka júlímánaðar 2011.

Í samningnum er m.a. kveðið á um ráðningu dansks sendikennara við Kennaraháskóla Íslands, ráðningu tveggja danskra farkennara til starfa í grunnskólum landsins, styrki til námsferða dönskunema á háskólastigi og verkefni á sviði endurmenntunar kennara, námsefnisgerðar, rannsókna og þróunar. Fjárveitingar Dana til verkefnisins nema 2,5 milljónum danskra króna árlega. Árlegt fjárframlag Íslendinga til samstarfsverkefnisins nemur 6 milljónum íslenskra króna.

**Styrkir.** Sá hluti samningsins sem íslenska menntamálaráðuneytið fjármagnar eru styrkir til verkefna á eftirfarandi sviðum:

1. Endurmenntunarnámskeið fyrir dönskukennara í grunn- og framhaldsskólum
2. Námsfnisgerð í dönsku fyrir grunn- og framhaldsskóla
3. Rannsókn- og þróunarverkefni vegna náms og kennslu í dönsku sem erlendis máls
4. Vitundarvakning um mikilvægi kunnáttu í dönsku fyrir Íslendinga.
5. Stuðningur við sveitarfélög vegna starfa danskra farkennara.

Menntamálaráðuneytið auglýsir árlega í febrúar - mars eftir umsóknum um styrki til þessara verkefna. Umsóknir skulu berast á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á vef ráðuneytisins og í móttöku þess.

Fjárframlag danska menntamálaráðuneytisins er aðallega nýtt til að greiða kostnað við eftirfarandi verkefni:

**Danskur sendikennari.** Árlega er ráðinn danskur sendikennari við Kennaraháskóla Íslands. Hlutverk hans er fyrst og fremst að sjá um málver fyrir dönskunema í KHÍ og vinna þannig að virkri talþjálfun þeirra. Einnig er gert ráð fyrir að málverið sé notað í tengslum við endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi dönskukennara.

**Danskir farkennarar.** Á hverju skólaári eru ráðnir tveir danskir farkennarar til starfa í grunnskólum landsins. Landinu er skipt í sex svæði sem farkennararnir þjóna á gildistíma samningsins. Áhersla er lögð á munnlegan þátt í vinnu kennaranna með nemendum og miðlun danskrar menningar. Einnig skipuleggja farkennarar stutt námskeið með kennurum á því svæði sem þeir starfa.

**Danskur aðstoðarkennari.** Samningurinn gerir ráð fyrir ráðningu á einum dönskum aðstoðarkennara við framhaldsskóla. Aðstoðarkennarinn skal á hverju skólaári þjóna 5-6 framhaldsskólum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Með bréfi til allra framhaldsskóla er leitað eftir skólum sem hafa áhuga á að fá danskan aðstoðarkennara tímabundið til starfa.

**Námsferðir dönskunema.** Samkvæmt samningnum fá íslenskir dönskunemar á háskólastigi styrki til námsferða til Danmerkur. Námskeið þessi eru skipulögð af Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

Kennaraháskóli Íslands hefur umsjón með störfum danska sendikennarans, dönsku farkennaranna og danska aðstoðarkennarans.